

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, með síðari breytingum.

1. gr.

4. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Við upplýsinga- og gagnaöflun samkvæmt þessari grein skal gæta meðalhófsreglu og að kröfur um upplýsingar og gögn séu í samræmi við tilefni. Upplýsingar og gögn má einungis nýta vegna úrskurðar í einstökum málum, í almennum tilgangi skv. 3. gr. eða til að undirbúa ákvarðanir sem Verðlagsstofa skiptaverðs tekur skv. 6. gr. a.

2. gr.

1. másl. 6. gr. laganna orðast svo: Verðlagsstofa skiptaverðs skal með athugun einstakra mála og úrtakskönnunum fylgjast með því að við uppgjör á aflahlut áhafna sé lagt til grundvallar söluverðmæti afla með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum og samningum á hverjum tíma.

3. gr.

Við löginn bætist ný grein er verður 6. gr. a og orðast svo:

Verðlagsstofa skiptaverðs skal að beiðni Fiskistofu og í tilefni af framsali aflamarks skv. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, staðfesta að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum sem fullnægir kröfum laga þessara. Leiði athugun skv. 6. gr. í ljós að útgerð skips hafi ekki gert upp við skipverja í samræmi við samning um fiskverð skal stofan ekki veita staðfestingu sína nema úr hafi verið bætt eða hlutað-eigandi útgerð sett fullnægjandi tryggingu fyrir réttu uppgjóri. Þá skal Verðlagsstofa skiptaverðs ekki veita staðfestingu sína hafi útgerð skips ekki veitt upplýsingar eða afhent gögn sem stofan hefur krafist á grundvelli 5. gr.

Ákvörðun um synjun staðfestingar skv. 1. mgr. lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og sætir kæru til sjávarútvegsráðuneytisins.

4. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Í nefndinni eiga sæti níu menn skipaðir af ráðherra. Af þeim skulu Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og Félag vélstjóra og málmtæknimanna tilnefna einn fulltrúa hvert og einn fulltrúa sameiginlega. Þá skal Landssamband íslenskra

útvegsmanna tilnefna þrjá fulltrúa og Landssamband smábátæigenda einn fulltrúa. Loks skipar ráðherra formann nefndarinnar án tilnefningar en að höfðu samráði við framangreind samtök sjómanna og útvegsmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

5. gr.

Í stað 4. og 5. málsl. 3. mgr. 15. gr. laganna kemur einn nýr málslíður, svohljóðandi: Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks til fiskiskips skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggja samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.